

Hlíðarfjall

Afhending 2015/97

Skíðaiðkun í Hlíðarfjalli á sér langa sögu. Árið 1931 var fyrst reistur skíðaskáli fyrir ofan Akureyri sem fékk nafnið Skíðastaðir og stóð á Súlumýrum. Fimm árum seinna, árið 1936 byggðu nemendur Menntaskólans á Akureyri skíðaskálann Útgarð neðarlega í Hlíðarfjalli. Árið 1944 keyptu svo nemendur Gagnfræðaskólans í slagtogi við nemendur Iðnskólans hermannabragga sem þeir komu fyrir í Hlíðarfjalli og fékk sá skáli nafnið Ásgarður.

Árið 1955 sótti Ferðamálafélag Akureyrar um að fá að byggja skíðahótel í Hlíðarfjalli fyrir almenning í 500 metra hæð. Skíðahóтелиð var byggt úr timbri úr gamla sjúkrahúsinu sem hafði staðið við Spítalaveg 11. Byggingu skíðahótelsins var ekki að fullu lokið fyrr en árið 1964 en formlegur rekstur hófst þar árið 1962.

Um leið og rekstur hófst í skíðahótelinu var byggt sölu- og tímatökuhús sem hlaut nafnið Strompur og var það staðsett í 700 metra hæð yfir sjávarmáli. Árið 1967 var Strompur færður til að gera pláss fyrir stærra þjónustuhús, Strýtu. Byggt var við Strýtu árið 1980 en allt húsið var síðan rifið og nýtt byggt árið 2000. Það hús hlaut einnig nafnið Strýta og var tekið í notkun árið 2001.

Fyrsta skíðalyftan í Hlíðarfjalli var tekin í notkun árið 1962 og árið 1967 var tekin í notkun fyrsta stólalyfta á Íslandi. Endastöð hennar var í 700 metrum yfir sjávarmáli. Lyftunum hefur fjölgað og þær verið endurnýjaðar nokkrum sinnum en meðal annars hófust framkvæmdir við nýja stólalyftu árið 2019.

Í Hlíðarfjalli er rekin Vetrariþróttamiðstöð Íslands sem var stofnuð árið 1998 með staðfestingu samstarfs Menntamálaráðuneytisins, Akureyrarbæjar, Íþróttá- og ólympíusambands Íslands og Íþróttabandalags Akureyrar.

Afhendingin barst frá Guðmundi Karli Jónssyni. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 2007/82.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
18. desember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
Hlíðarfjall			2015 / 97
DCa-Rekstrardagbækur fyrir lyftur - Stólalyfta (gamla)			1967 - 1997
2015 - DC / 1	1	1967- 1978	Rekstrardagbækur stólalyftu.
2015 - DC / 2	1	1979- 1997	Rekstrardagbækur stólalyftu.
DCb-Rekstrardagbækur fyrir lyftur - Stromplyfta			1975 - 2013
2015 - DC / 1	1	1975- 2004	Rekstrardagbækur Stromplyftu.
2015 - DC / 2	1	2005- 2008	Rekstrardagbækur Stromplyftu.
2015 - DC / 3	1	2009- 2013	Rekstrardagbækur Stromplyftu.
DCc-Rekstrardagbækur fyrir lyftur - Hjallabraut			1997 - 2011
2015 - DC / 1	1	1997- 2007	Rekstrardagbækur Hjallabrautar.
2015 - DC / 2	1	2008- 2011	Rekstrardagbækur Hjallabrautar.
DCd-Rekstrardagbækur fyrir lyftur - Hólabraut			1996 - 2010
2015 - DC / 1	1	1996- 2003	Rekstrardagbækur Hólabrautar.
2015 - DC / 2	1	2004- 2007	Rekstrardagbækur Hólabrautar.
2015 - DC / 3	1	2008- 2010	Rekstrardagbækur Hólabrautar.
DCe-Rekstrardagbækur fyrir lyftur - Fjarki			2002 - 2011
2015 - DC / 1	1	2002- 2007	Rekstrardagbækur Fjarka.
2015 - DC / 2	1	2008- 2011	Rekstrardagbækur Fjarka.
DCg-Rekstrardagbækur fyrir lyftur - Auður			2006 - 2008
2015 - DC / 1	1	2006- 2008	Rekstrardagbækur Auðar.
DCg-Rekstrardagbækur fyrir lyftur - Töfrateppi			2006 - 2008
2015 - DC / 1	1	2006- 2008	Rekstrardagbækur Töfrateppi.
DG-Dagbækur í afgreiðslu			2001 - 2007
2015 - DG / 1	1	2001- 2007	Dagbækur í afgreiðslu
DH-Dagbækur úr eldhúsi			1988 - 1998
2015 - DH / 1	1	1988- 1998	Dagbækur úr eldhúsi